



Fundargerð 4. stjórnarfundar AKÍS 2024-2025

Staður og tími: Zoom 9. apríl 2024 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Jón Þór Jónsson (JPJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Páll Jónsson (PJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Baldvin Hansson (BH), Ari Halldór Hjaltason (AHH)

Mættir varamenn: Halldór Viðar Hauksson (HVH),

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

Fjarverandi: Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) Valdemar Johnsen (VJ).

AÓS ritaði fundargerð.

1. Form stjórnarfundar

Til þess að stjórnarfundir gangi sem best fyrir sig þá leggur formaður til að ritari stjórnar riti fundargerðir og bókanir fundarins. Starfsmaður AKÍS deilir "skjá" og þeim gögnum sem að við eiga hverju sinni.

Stjórn samþykkir að ritari riti fundargerðir.

2. Ráðning starfsmanns AKÍS

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur formanni að undirrita samninginn með starfsmanni.

3. Valnefnd

Hugmynd er að skipa í valnefnd áður en keppnistímabilið hefst. Nefndin hefur þá kost á að fylgjast með tímabilinu meðvitað og hefur betri upplýsingar um afrek keppenda. Í stað þess að fá tilnefningar frá keppnisráðum í lok tímabils.

Starfsmanni falið að koma með tillögur að aðilum á næsta fund stjórnar þar sem valið verður í nefndina.

4. Motorsport Games 2024

FIA hefur óskað eftir tengilið sem sér um samskipti við FIA varðandi Motorsport Games fyrir hönd AKÍS. Sá aðili sér um að samskipti og að sitja fundi sem snúa að leikunum. Stefnt er að því að Ísland eigi keppendur á leikunum. Motorsport Games eru haldnir í þriðja sinn daganna 23-27 október á Spáni.

Stjórn skipar starfsmann sambandsins sem tengilið við FIA varðandi Motorsport Games þar til annað hefur verið ákveðið, formaður mun taka við verkefninu ef þörf verður á.



5. Lokahóf AKÍS

Stjórn samþykkir að lokahóf verði haldið þann 9.nóvember og verði haldið á Akureyri sé möguleiki á og felur starfsmanni að leita til Bílaklúbbs Akureyrar varðandi samstarf við framhaldið. Stjórn samþykkir einnig að formanna fundur verði einnig haldinn á Akureyri þann sama dag.

6. Dómaraskírteini

Erindi barst um alþjóðlegt dómaraskírteini.

Formanni falið að staðfesta umdæmi og annast útgáfu dómaraskírteinis í samráði við keppnisráð ef við á.

7. Önnur mál

1. HVH vekur athygli á brautarumsögn sem vantar fyrir leyfisveitingu hjá BA og er formanni falið að athuga stöðu málsins og ganga frá því sem fyrst.

2. Til kynningar:

- **Norðurlandamót hermiakstri** - búið er að velja fimm aðila til að taka þátt.

Formula 4: Heiðar Benediktsson, Michael Hafliðason, Vernharður Ravnaas

Rallykross: Aron Breki Valgeirsson, Hákon Jökulsson

Stjórn felur starfsmanni ásamt TMP að kaupa boli á keppendum.

- **Kynningarfundir og námskeið**

Keppnisráð í Rally - Miðvikudagur 17.apríl kl 19:30 ÍSÍ

Dómnefnd og keppnisstjórar - Mánudagur 15.apríl 19:30 Kvartmíluklúbburinn

Kynningarfundur keppenda - Reykjavík 22.apríl 19:30 ÍSÍ

Kynningarfundur keppenda - Akureyri 28.apríl

Dómnefnd og keppnisstjórar - Akureyri 29.apríl

Næsti fundur: fjarfundur 23. apríl kl. 19:30.

Fundi slitið kl. 20:57.

